

ÁRSSKÝRSLA 2019



AFS Á ÍSLANDI
Skiopholt 50c, 4. hæð t.v.
105 Reykjavík

(+354) 552 5450
info-isl@afs.org
afs.is
facebook.com/skiptinemi
instagram.com/afsiceland

Umsjón með útgáfu: Steinunn Ása Sigurðardóttir

Umbrot: Steinunn Ása Sigurðardóttir og Margeir Haraldsson

Myndir: Skiptinemar, sjálfboðaliðar og starfsfólk AFS á Íslandi

EFNISYFIRLIT

STJÓRN OG STARFSFÓLK.....	3
FRÁ FORMANNI.....	4
FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRA.....	5
FRÁ DEILD NEMA.....	6-8
FRÁ VERKEFNASTJÓRA.....	9
FRÁ FRÆÐSLUSTJÓRA.....	10
SJÁLFBODALIÐI Á SKRIFSTOFU.....	11
REYKJAVÍKURDEILD.....	12
NORÐURLANDSDEILD.....	13
VESTURLANDSDEILD.....	14
KRAKKARNIR Í BUS 61.....	15
NEMARNIR OKKAR.....	16-17
MYNDIR ÚR STARFI.....	18-19



AFS Á ÍSLANDI 2018-2019

STJÓRN OG STARFSFÓLK



Starfsfólk skrifstofu AFS


Frá vinstri: Steinunn Ása Sigurðardóttir, Ásdís Björk Gunnarsdóttir, Kristín Björnsdóttir, S. Tinna Sveinsdóttir og Sólveig Ása Tryggvadóttir.




Halldóra Guðmundsdóttir
Formaður



Aron Freyr Jóhannsson
Varaformaður




Sólveig Vilhjálmisdóttir
Gjaldkeri



Jónína K. Guðmundsdóttir
Ritari



Bryndís Nielsen
Meðstjórnandi




Gunnar Einarsson
Meðstjórnandi



Hugrún Arna Vigfúsdóttir
Meðstjórnandi



Úlfur Atli Stefánuson
Fulltrúi Reykjavíkureilda



Elín Kata Sigurgeirsdóttir
Fulltrúi Norðurlandsdeilda

Stjórn Hollvina AFS á Íslandi

Erlendur Magnússon – formaður
Guðrún Björk Bjarnadóttir
Þorvarður Gunnarsson



TEXTI

Halldóra Guðmundsdóttir
Formaður

KREPPA – NÝ TÆKIFÆRI

Á síðasta aðalfundi birtust tölur í árs- reikningi sem voru mikið áfall fyrir okkur öll. Ljóst var að breytingin á menntakerfinu, þ.e. stytting fram- haldsskólans, ásamt fleiri þáttum höfðu meiri og þyngri áhrif en okkur grunaði. Mikið hrap í tölum í sendingu gerði það að verkum að skrifstofa og stjórn þurftu að horfast í augu við þá augljósu áskorun að spara þyrfti verulega og sultarólin var tekin upp og hert að. Stjórn ákvað að hækka bæði hýsingar- og sendingargjöld. Í slíkum aðstæðum er snúið að hafa nýja manneskju í fram- kvæmdastjórástól sem er að stíga sín fyrstu skref í starfi, setja sig inn í hlutina og taka ákvarðanir.

Ég hef dáðst að Sólveigu fyrir að stíga upp, taka erfiðar og ekki alltaf vinsælar ákvarðanir, en með hagsmunum AFS að leiðarljósi. Lyfta hverjum steini í leit að betri lausnum. Takast til dæmis á einu ári að minnka rekstrarkostnað skrif- stofu um 50%. Allir á skrifstofu eiga þakkir skilið fyrir að leggjast á árarnar, fara á færri námskeið og sækja í eigin sjóði stéttarfélagu.

Sjálfboðaliðar

Í árferði sem þessu var okkur snemma ljóst að sultarólin gagnvart sjálfboðaliðum var ekki góð ákvörðun. Með færri nemum uppsker maður

enda færri sjálfboðaliða og því verður nýliðun snúin. Stjórn ákvað að það yrði aldrei farsælt að halda þeirri stefnu áfram og losuðum við því um ólína þar. Mikil og flott vinna hefur skilað sér þar. Gæði í sjálfboðaliðahópnum er það dýrmætasta sem við eigum, og það má aldrei gleymast!

Ný tækifæri – út með AFS

Nei þá er ég ekki að tala um að henda AFS út heldur að koma AFS á framfæri á fjölbreyttari vettvangi en verið hefur. Þá bæði til að kynna samtökin og deila sérþekkingu okkar á sviði menningarlæsis. Finna ný tækifæri til að bera út boðskapinn. Við höfum fræðslu á vinnustað, funduðum með Reykjavíkurborg til að finna samstarfs- grundvöll og fleira.

Ein uppáhalds AFS-stund mín á þessu ári var að taka á móti dásamlegum hópi fyrrverandi skiptinema sem kynntust um borð í rútu, Bus 61 í Texas sem var vikuféð í lok AFS dvalar þeirra í Bandaríkjunum 1978. Þetta var u.þ.b. 30 manna hópur frá fjölmörgum lön- dum sem hittust hér á Íslandi í endur- fundum. Fólk rifjaði upp þann tíma, tár voru felld og þeirra vinskapur var sannur og fallegur. Sönn AFS fjölskylda. Slíkar stundir minna mann á af hverju við stöndum í þessu.



Frá endurfundum Bus 61 í sumar



TEXTI

Sólveig Ása Tryggvadóttir
Framkvæmdastjóri

FÆRNI TIL FRAMTÍÐAR

Heimurinn breytist hratt og mikið er rætt um fjórðu iðnbyltinguna og færni á 21. öld. Samkvæmt því munu börn okkar ekki vinna við þau störf sem við þekkjum í dag. Mikið er rætt um vélmenna-væðingu í þjónustu og fram- leiðslu en einnig er talað um mikilvægi færni í mannlegum samskiptum. Þetta er í grunninn sú færni sem AFS hefur menntað ungt fólk í áratugum saman. Þessi færni verður enn mikilvægari í vélrænni heimi. Færni sem snýr að mjúkum eiginleikum (e. soft skills). Færni í gagnrýnni hugsun, samskiptum og samvinnu, samfélagslegri virkni, sköpun, aðlögunarhæfni, sjálfstæði, tilfinningagreind og umburðarlyndi, lausnarleit og menningarlæsi. Þessi listi er ekki tæmandi.

Þegar heimurinn virðist snúast hraðar og samkeppnin eykst hefur það aukist að ungmenni telji sig ekki hafa tíma til þess að fara í skiptináms. Aftur á móti er það svo að þeir sem hafa reynt á sig í áður óþekktu umhverfi í gegnum AFS prógramm, eða á annan hátt, þekkja það að færnin sem þeir þar öðlast er ómetanleg og fer með þeim áfram í lífið. Hvernig mælum við þessa færni?

AFS er í mikilli samkeppni við breytt umhverfi og nýjar áherslur og hefur það neytt okkur til þess að útskýra betur og skilgreina hvað það er sem við vinnum að. Hvað það er sem er svona frábært við það að fara í skiptináms, þ.e. fyrir utan ævintýrið að sjálfsögðu. Við erum ennþá að móta svarið og auðvitað er það líka breytilegt. Við erum að vinna að því að greina þessa hæfileika, eða „ofurkrafta“ eins og námspróun hjá AFS International kys að kalla það. Það er nefnilega til leið til þess að „sanna“ og mæla þetta á auðveldari vegu.

Bæði UNESCO og OECD eru sam- mála um mikilvægi þessarar færni. Alþjóðasamtök AFS eru með ráðgjafar- samning við UNESCO í þeim efnum. OECD telur menningarfærni vera mikilvægan þátt í menntun á 21. öldinni og hefur þróað nýja mælistiku í PISA könnun sinni sem mælir hnattræna færni (e. Global Competence). Þessi mælistika var tekin upp vegna aukin- nar alþjóðavæðingar og mikilvægi á umburðarlyndi og skilningi milli manna til þess að koma í veg fyrir menning- aráræksla. Heimurinn er líka að minnka á sama tíma og atvinnusvæði ungs fólks fer stækkandi.

Mikill kraftur hefur farið í uppbyggingu sjálfboðaliða og mun sú vinna halda áfram. Með færri sendum nemum hafa heimtur á virkum sjálfboðaliðum verið minni. Á þessu starfsári var átaki hrundið af stað til að fjölga sjálfboðaliðum, styrkja deildir og bæta fagmennsku á námskeiðum og í allri vinnu. Þetta hefur skilað árangri og á fræðslustjóri mikið hrós skilið fyrir góða skipulagningu og stefnumótun.

Það eru spennandi tímar og mikil vinna framundan. Nú þarf að móta, skilgreina og aðlaga samtökin sem okkur þykir svo vænt um að nútímanum. Fjölga í hópi þátttakenda og sjálfboðaliða. Í því felast tækifæri. Tækifæri til þess að hafa áhrif á fræðslu og menntun allra. Tækifæri til þess að hlúa betur að jörðinni og sporna gegn loftslagsbreytingum Tækifæri til frekari samvinnu við líkþenkjandi samtök, sem og stjórnvöld. Þessi listi er ekki tæmandi og kemur það í okkar hlut að komast að því hvert leiða þarf samtökin á tímamótum. Við höfum reynsluna og þekkinguna til. Nú er bara að hefjast handa.

Ég hlakka til að vinna með ykkur í vetur.



TEXTI

Ásdís Björk Gunnarsdóttir
Verkefnastjóri

Kristín Björnsdóttir
Verkefnastjóri

DEILD
NEMA

Deild nema vinnur bæði með senda nema (innlenda) og hýsta nema (erlenda). Tvö stöðugildi deila meginverkefnum deildarinnar. Annað stöðugildið snýr meira að undirbúningi og umsóknarferli fyrir skiptinám og sér Ásdís Björk Gunnarsdóttir mestmegnis um þau verkefni. Hitt einblínir meira á nemana eftir að þeir hafa hafið skiptinámið sitt og sér Kristín Björnsdóttir mestmegins um þau verkefni. Þessi störf skarast þó stöðugt, enda snertifletirnir margir eins og gefur að skilja.

Á árinu tók Kristín þátt í alþjóðlegu námskeiði fyrir starfsfólk sem vinnur með stuðningsmál skiptinema. Námskeiðið var haldið í janúar 2019 í Baltimore í Bandaríkjunum og var markmiðið að auka færni í samskiptum starfsfólks, sérstaklega þegar menningarmunur er mikill. Ásdís sótti alþjóðlegan fund deildarstjóra nema í Hollandi í mars 2019. Þar voru ýmsir erfiðleikar í alþjóðanetinu teknir fyrir og unnið að stefnumótun og betrum-bætingu.

Námskeið um fósturfjölskylduöflun haldið á Íslandi

Námskeið um fósturfjölskylduöflun á Norðurlöndum var haldið á Íslandi helgina 8.-10. mars. Þátttakendur voru alls 24 og komu frá Íslandi, Noregi,

Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku og Grænlandi. Fyrir hönd Íslands tóku þátt Kristín frá skrifstofu og sjálf-boðaliðarnir Arnar Logi, Brynja Ploy, Díana Björk, Guðbjörg Halldóra, Jóhanna Gréta og Jónína Kristín.

Er þetta í annað sinn sem svona námskeið er haldið en í fyrra var það haldið af AFS í Noregi. Fenginn var styrkur frá EFIL fyrir þjálfara til að stýra námskeiðinu og var Karolina Kunia valin í verkið. Þar sem Norðurlöndin eiga við álíka áskoranir þegar kemur að fósturfjölskylduöflun þá deildum við bæði því sem gengur illa sem og því sem virkar vel í hverju landi fyrir sig. Námskeiðið endaði á því að hvert land gerði sitt eigið plan sem byggði á því sem við höfðum lært hvort af öðru og hvað við teldum að gæti gengið vel hér á Íslandi við fósturfjölskylduöflun. Námskeiðið tókst mjög vel til og má til gamans geta að fleiri verkefni innan norræns samstarfs munu fara fram á næstu misserum.

Stuðningur við nema og fjölskyldur Aukning hefur verið á umfangi stuðningsmála hjá AFS undanfarin ár og svo var líka þetta ár. Helstu stuðningsmálin voru gagnvart ís-lenskum nemum erlendis en 4 nemar komu fyrr heim. Til viðmiðunar við árið á undan komu sex heim fyrr þá.

Þegar um erfiðan stuðning er að ræða þurfa hýsingar- og sendingarlönd að vinna náið saman við leysa úr vandamálunum og er mikilvægt að báðir aðilar setji metnað sinn í að vinna þessi mál vel.

Hýstir nemar

Starfsárið 2018-19 tókum við á móti 34 erlendum skiptinemum frá 18 löndum. Töluverð aukning hefur verið á eftir-spurn um pláss til Íslands og komust færri að en vildu. Var um að ræða 25 ársnema, sjö nema í 3 mánaða Evrópu prógrammi (ECTP) og einn nema frá Asíu í þrjá mánuði (PEACE). Voru flestir nemarnir á höfuðborgarsvæðinu eða 12 talsins. Einn nemi var á Reykjanesi, átta á Akureyri, tveir á Húsavík og tveir á Egilsstöðum. Einn nemi var í Vest-mannaeyjum, fjórir á Vesturlandi og tveir nemar á Vestfjörðum. Einn nemi komst svo ekki til fósturfjölskyldunnar sinnar þar sem hann hélt heim á leið eftir komunámskeið vegna veikinda.

Nemarnir sóttu hefðbundin námskeið hjá AFS; komunámskeið, 6 vikna námskeið, menningarhelgi og lokanámskeið. Það eru sjálfboðaliðar AFS sem bera hita og þunga námskeiðanna og tókst vel til. Auk námskeiða fóru nemarnir í valkvæða Akureyrarferð sem var skipulögð af Norðurlandsdeild.

Fósturfjölskylduöflun 2019

Á vordögum 2019 var hafist handa við fósturfjölskylduöflun fyrir komandi haust og gekk sú öflun mun betur en árið á undan. Til að mynda voru allir nemar búnir að fá fjölskyldur þremur vikum fyrir komu, sem er markmið sem AFS setur sér á heimsvísu. Þrír nemar voru þó með móttökufjölskyldur en fengu varanlegar fjöl-skyldur fyrir komu til landsins.


Haldin voru nokkur hringikvöld en flestar fjöl-skyldurnar komu í gegnum Facebook eins og árið á undan. Var lagt mikið í að auglýsa á Facebook og fá fólkið okkar, AFS netið, til að deila eins mörgum nemum og mögulegt var. Þetta gekk afar vel og er greinilegt að við eigum marga góða vini sem til eru að aðstoða okkur við að finna fjölskyldur fyrir erlendu nemana okkar. Í ár kom helmingur allra fjölskyldna utan okkar vébanda, höfðu sem sagt ekki haft nein fyrri kynni af AFS. Hinn helmingur fjölskyldna í ár skiptist nokkuð jafnt í tvo hópa, fyrrum AFS skiptinema og fjölskyldur sem sent hafa börnin sín í skiptinám seinustu ár.

Fósturfjölskyldur fyrir nemana sem hýstir eru hér á landi 2019-2020 komu alls staðar af landinu og var dreifingin um landið afar góð þar sem einungis sex nemar eru hýstir á höfuðborgarsvæðinu.

Sendir nemar

Sendir nemar voru óvenju fáir þetta starfsárið en alls héldu 40 nemar utan á mismunandi prógrömmum á vegum AFS á Íslandi. Á sumar-brottför fóru 24 nemar í ársprógramm og 7 nemar í þriggja mánaða dvöl. Á vetrarbrottför í ársbyrjun 2019 fóru 4 nemar í ársprógramm og 3 nemar í hálfársprógramm. Að auki fóru 2 nemar í tveggja vikna tungumálanámskeið í Englandi sumarið 2018. Fjölmennastur var hópurinn sem hélt til Bandaríkjanna í ágúst 2018 eða 6 nemar, en fjöldi nema til Kosta Ríka á vetrar- og sumarbrottför voru til samans einnig 6 talsins. Þónokkur dreifing var þó á landavali nema og kom á óvart að minna var sótt til almennt vin-sælla AFS landa, líkt og Ítalíu og Japan. Dreifing milli heimsálfa breyttist töluvert milli ára, sem kom svolítið á óvart. Hlutfall nema til Evrópa og Norður Ameríku lækkaði töluvert, á meðan prósenta nema til Rómönsku Ameríku og Asíu hækkaði.

Hýstir nemar





Fögnum fjölbreytileikanum

AFS á Íslandi hefur í gegnum tíðina lagt áherslu á fjölbreytileika í landavali nema, bæði sendra og hýstra. Oft hefur þetta reynst krefjandi þar sem mikil ásókn hefur verið til ákveðinna áfangastaða en í ár varð dreifing mjög góð. Sendu nemarnir okkar 40 héldu til 17 mismunandi landa í 5 mismunandi heimsálfum og hýstum við 36 nema frá 23 löndum og 5 heimsálfum.

Við fögnum þó ekki einungis fjölbreytileika í landavali þetta árið heldur einnig í prógrömmum. Auk ársprógramma, hálfársprógramma og þriggja mánaða ECTP Evrópu-prógramma sendum við nú í fyrsta skipti nema á þriggja mánaða PEACE Asíuprógrömm. PEACE prógrömm eru útkoma PEACE Project, samstarfsverkefni sem AFS á Íslandi ásamt nokkurra Evrópu- og Asíulanda AFS hóf þátttöku í á síðasta starfsári. Fyrsta starfsár gekk vonum framár hér á landi, veittir voru 2 styrkir til þátttöku og héldu 3 nemar utan á slík prógrömm fyrir hönd AFS á Íslandi, tveir til Kína og einn til Filippseyja. AFS á Íslandi hýsti nema á vetrarbrottför í fyrsta sinn, þriggja mánaða PEACE nema frá Malasíu. Við vonumst til að geta aukið samstarf PEACE landanna í framtíðinni, bæði í sendingu og hýsingu.



Hvert erum við að senda?



TILKYNNING FRÁ STJÓRN

Samstarf og ný sambúð

Það hefur farið ofboðslega vel um okkur síðan við fluttum inn í nýtt og betra húsnæði í Skipholti 50C. Hér er góð aðstaða fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða. Með jógastöð og ísbúð á fyrstu hæð. Eftir fækkun á starfsfólki í byrjun þessa rekstrarárs kom upp sú hugmynd að leigja hér út eina skrifstofu. Húsnæðið hentar vel fyrir starfsemi félagasamtaka. Hér er stórt opið rými fyrir fundi og opið eldhús. Hugmyndin var alltaf að finna önnur félagasamtök, og úr varð að Siðmennt – félag siðrænna húmanista á Íslandi, mun leigja eitt skrifstofurými ásamt því

að hafa afnot af sameiginlegu rými til jafns við okkur. Helstu breytingar sem þetta mun hafa í för með sér er að sjálfboðaliðaherberginu verður breytt í fundarherbergi, þar sem allir hafa jafnt aðgengi; starfsfólk Siðmenntar, AFS, sem og allir sjálfboðaliðar. Meiri áhersla verður lögð á fyrirfram skipulagningu og munu allir því bóka rými fram í tímann. Almennt heyrir mér vera mikil jákvæðni fyrir sambúðinni hjá okkar félögum sem og þeim sem ég hef verið í samskiptum við hjá Siðmennt. Þetta er gott tækifæri fyrir okkur til þess að vinna með öðrum félagasamtökum og liður í því að opna samtökin betur.

TEXTI

Steinunn Ása Sigurðardóttir
Verkefnastjóri

STYRKING AFS
ÚT Á VIÐ



Í vor hlaut ég þann heiður að hefja störf hjá AFS á Íslandi. Síðustu mánuðir hafa verið bæði viðburða- og lærdómsríkir og er gaman að fá að leggja mitt af mörkum til AFS með starfi mínu hér.

Helsta verkefnið á minni dagskrá er að styrkja tengsl við skóla og menntayfirvöld sem verkefnastjóri fræðslu- og skólamála. Það er markmið sem lengi hefur verið í deiglu hjá samtökunum en hefur undanfarin misseri verið sett í brennidepilinn. Þannig viljum við markvisst efla tengsl samtakanna við skóla og menntayfirvöld og koma þar með fræðslu um menningarläsi víðar út í samfélagið. Markmiðin með mínu starfi eru m.a. að styrkja sambönd AFS við skóla, opinbera aðila og önnur félagasamtök, styrkja þannig stöðu AFS sem mennta- og fræðslusamtök út á við, bjóða upp á tækifæri í menningarläsi fyrir aðila utan AFS og gera fræðsluefni um menningarläsi aðgengilegra.

Það eru ótalmörg tækifæri fólgin í þessu og sést það til að mynda hjá AFS samtökum erlendis, sem sum eru með

formlega viðurkenningu frá menntayfirvöldum sem fræðslusamtök. Einnig höfum við tækifæri á að breiða fræðslu um menningarläsi víðar á ýmsan hátt að fyrirmynd annarra AFS landa, til að mynda með fræðslu fyrir kennara og nemendur. Það er akkúrat þessi vinna sem ég hef verið að vinna að síðustu misseri, og hlakka til að halda áfram að gera.

Vissulega eru einhverjar hindranir í veginum, til að mynda finnum við gjarnan fyrir því að fólk líti frekar á samtökin sem ferðaskrifstofu heldur en hvað annað. Það er áskorun sem við verðum að horfast í augu við - en í henni felast líka tækifæri. Við getum öll hjálpast að við að breiða út boðskapinn um það hvað við höfum upp á að bjóða til samfélagsins - þar sem að það að auka fræðslu um skilning á milli menningarheima hefur sífellt meira vægi í vaxandi fjölmenningsamfélagi. Við sem samtök höfum nefnilega svo margt fram að færa; þekkingu, aðferðir og efni sem nýtist ekki eingöngu skiptinum, fósturfjölskyldum og sjálfboðaliðum, heldur er það einnig



mjög gagnlegt við að móta þá menningarlegu hæfni sem hefur vaxandi mikilvægi í síbreytilegu samfélagi nútímans.

Það er vissulega meðbyr víða og höfum við fundið fyrir áhuga á því sem við erum að vinna að, til að mynda hjá Reykjavíkurborg. Það er spennandi vinna framundan við að halda áfram að efla þessi tengsl og bjóða upp á meiri fræðslu og fræðsluefni sem nýtist kennurum og nemendum. Fyrir utan þetta hefur ýmislegt annað verið á mínum herðum, en ég sinnti einnig afleysingum í sumar og tók svo í júlí yfir markaðsmál samtakanna þegar Gabriel lauk starfi sínu hjá samtökunum. Sumarið einkenndist af sama meginverkefni og önnur sumur - fósturfjölskylduöflun. Undirbúningsnámskeið, grill, endurvakning IPOT og fleira skemmtilegt lítaði einnig þetta blíðviðrissumar! Nú er tekið að kólna í veðri og hlakka ég til að halda áfram að styrkja stöðu AFS sem fræðslusamtaka og sjá hvað framtíðin ber í skauti sér.



TEXTI

S. Tinna Sveinsdóttir
Fræðslustjóri

UPPBÝGGING SJÁLFBODALIÐA- STARFS OG STYRKING DEILDA

Ásamt því að halda utan um fræðslu fyrir sjálfbodaliða og starfsmenn AFS er aðal verkefni fræðslustjóra að vinna að utanumhaldi og uppbyggingu sjálfbodaliðastarfsins. Þetta er áhugavert verkefni sem hefur breyst með árunum þar sem fækkun skiptinema sem fara frá Íslandi leiðir einnig til fækkunar í röðum sjálfbodaliða. Þetta er bæði áskorun og tækifæri þar sem færri hendur vinna verkefni en á sama tíma er hægt að veita hverjum sjálfbodaliða einstaklingsmiðaðri stuðning.

Fræðsla og þjálfun

Á starfsárinu 2018-2019 tóku sjálfbodaliðar og starfsmenn AFS þátt í ýmsum þjálfunum erlendis. Of langan tíma tekur að telja upp nákvæmlega hver fór hvert en gaman er að geta þess að alls fóru 26 fulltrúar frá samtökunum á 10 viðburði. Samanborið fóru 47 fulltrúar á 9 viðburði á starfsárinu 2017-2018. Þetta helst í hendur við fækkun sjálfbodaliða og aukna áherslu á uppbyggingu sjálfbodaliðastarfsins innanlands. Við höldum þó áfram að hvetja sjálfbodaliða samtakanna til að nýta sér tækifæri sem bjóðast erlendis. Það hefur sýnt sig að það hefur mjög jákvæð áhrif á sjálfbodaliðana sjálfa og samtökin þegar starfsfólk og sjálfbodaliðar sækja sér fræðslu erlendis og hitta þar aðra AFSara (og aðra) sem veita innblástur og nýja nálgun.

Landsfundur

Landsfundur AFS var haldinn í lok febrúar á Laugum í Sælingsdal. Þar komu saman stjórnir samtakanna (aðalstjórn og stjórnir deilda), meðlimir þjálfarahóps AFS (IPOT - Icelandic Pool of Trainers) og starfsfólk AFS. Alls voru 20 þátttakendur (samanber 16 í fyrra) á fundinum ásamt kokki. Markmið fundarins var annars vegar að vinna stefnumótandi vinnu í sameiningu og hins vegar að kynnst betur til að gera alla vinnu auðveldari í framtíðinni. Stefnumótunin fór fram á laugardegi og á sunnudegi bauð fræðslustjóri upp á smiðju um The Volunteer Journey eða Ferðalag sjálfbodaliðans. AFSarar eru upptekið fólk og er erfitt að finna tíma sem hentar öllum. Þess vegna munum við prófa að færa Landsfund og hafa hann að hausti. Næsti landsfundur verður því haldinn í nóvember 2019. Er það von okkar að þessi nýja tímasetning muni ekki bara henta skólafólki betur heldur einnig að þetta muni gera Landsfund þeim mun gagnlegri fyrir nýkjörnar stjórnir þar sem þær munu hafa ennþá meiri tíma til að vinna saman að markmiðum sem sett eru fram á fundinum.

Erlendir sjálfbodaliðar

Síðastliðin ár hefur AFS tekið á móti erlendum sjálfbodaliðum á skrifstofu í 6 til 12 mánuði í senn. Sjálfbodaliðarnir

koma frá AFS samtökum víðsvegar um Evrópu og hafa í farteskinu reynslu sem þau geta miðlað til sjálfbodaliða hér á landi og bera þau einnig með sér ferskan blæ inn á skrifstofuna. EVS sjálfbodaliðar eru styrktir af Erasmus+ ungmennaáætlun Evrópusambandsins. Á síðasta starfsári kláraði Gabriel frá Kanada sjálfbodaliðadvöl sína og við tókum á móti og kvöddum Szilvi frá Ungverjalandi. Einnig kláraði Hildur Ýr sjálfbodaliðadvöl sína hjá AFS í Danmörku þar sem hún var í 12 mánuði. Evrópusambandið er að breyta þessum verkefnum og munu þau héðan í frá vera kölluð European Solidarity Corps (ESC). AFS hefur skilað inn umsókn og vonandi mun næsti sjálfbodaliði koma til okkar í byrjun árs 2020.

Evrópskur fundur fræðslustjóra

Í febrúar hélt EFIL fund fyrir alla fræðslustjóra AFS í Evrópu ásamt nokkrum utan álfunnar. Fræðslustjóri AFS á Íslandi var í undirbúningsteymi fyrir þennan fund og þjálfari á staðnum. Fundurinn var haldinn í Belgrade í Serbíu og var það einstaklega lærdómsríkt og skemmtilegt verkefni. Þó að mikil aukin vinna og álag felist í því að vera þjálfari á fundi sem þessum þá er það líka tækifæri til að kafa ennþá dýpra í umræðuefnin sem tekin voru fyrir en þau lutu flest að bættu starfi sjálfbodaliða, uppbyggingu starfsins og fræðslu.

Sjálfbodaliði á skrifstofu

Síðastliðin ár hefur AFS á Íslandi tekið á móti erlendum sjálfbodaliðum sem styrkt af Erasmus+, ungmennaáætlun Evrópusambandsins í gegnum verkefnið European Voluntary Service. AFS sækir um styrk sem aðstoðar við ferðalag, uppihald og svo framvegis fyrir sjálfbodaliðann. Szilvi kom til okkar frá Ungverjalandi í byrjun árs 2019 og fór aftur heim í sumar eftir 6 mánaða dvöl. Verkefni Szilvi sneru að mestu leyti að

samstarfi við sjálfbodaliða samtakanna hér á landi þar sem hún tók þátt í ýmsum námskeiðum og viðburðum sem sneru að sjálfbodaliðastarfinu. Hún var með í að skipuleggja og halda Landsfund AFS 2019 og fór á Akureyri með fræðslustjóra til að halda undirbúningsnámskeið fyrir nema og foreldra ásamt því að sitja fundi með Norðurlandsdeild AFS. Szilvi tók einnig þátt í að skrifa nýjar leiðbeiningar fyrir stjórnir deilda sem munu koma að góðum notum í framtíðinni.



TEXTI

Szilvia Szeles
EVS sjálfbodaliði febrúar-ágúst 2019

NEVER SAY GOODBYE

It was half a year ago that I arrived. I remember it very well, like it happened yesterday. I froze and was excited. Now, I am just really calm. Calm because I found a place with nice and lovely people in a pretty incredible country. The power of Iceland is incredible. Every little detail gives me some new perspective of the world. You are really lucky to live in a pretty natural, spiritual and harmonious place.

I developed a lot because you were by my side. Who connected with me, taught or gave me something. I have more beliefs, values and love. I have some new methods and ideas in my toolbox. This opportunity helped me see things in a different way. I would like to say thank you to the staff and volunteers and exchange students. You will always have a place in my life. I hope I gave something to your life too. I am so proud of you for being open-minded to learning new structures, problem-solving and being brave.

Maybe we did not spend a lot of time together, but when we were together it was quality time. I do not like to say goodbye. I am sure that we will meet in the future and we will create a better world together. Maybe we are not walking together or talking together, but our spirits are following a nice mission. I miss my Friday team and team building nights with amazing people. People who give me a lot of kind moments, and warm hugs.

Now this is the time to move back and create a new chapter in my life. This is something that is really hard. I had to pack my life into 25 kg, which is always hard. But the most important things do not need a place in my luggage. They will stay in my heart.

I always have a free bed and paprika for you in Hungary. I am coming back soon.

Takk fyrir mig.
Ég elska ykkur.
Szilvi



REYKJAVÍKURDEILD

TEXTI
Úlfur Atli Stefaniúson
Formaður Reykjavíkurdeildar 2018-2019

Í mínum AFS heimi tengi ég haustið við svo skemmtilega tíma. Allt er komið í fullt fjör eftir ævintýri sumarsins, skiptinemar mættir á við og dreif um landið og margir að taka sín fyrstu skref úti í heimi. En það sem mér finnst hins vegar skemmtilegast er að þetta er einnig sá tími sem ný sjálfböðaliðaandlit láta á sér kræla, oft kunnugleg andlit, og starfið fer á fullt! Einnig þykir mér mjög skemmtilegt að fylgjast með nýrri stjórn deildarinnar setja sitt handlag á hlutina enda flottur hópur þar á ferð. En þetta er víst ársskýrsla, svo ég ætla að reyna að rifja aðeins upp með ykkur hvað hefur verið til tíðinda hjá Reykjavíkurdeild síðastliðið starfsár.

Í haust biðu okkar ýmsar áskoranir þar sem stór hópur sjálfböðaliða var floginn á vit ævintýrana, svo sem ekki í fyrsta skipti, enda vil ég fullyrða um að við búum við einn hreyfanlegasta sjálfböðaliðahóp landsins. Ég fagna því engu að síður að okkar flotta fólk sæki sér þekkingu og lífsreynslu hvar í þeim krika heimsins sem þeim hugnast. Í vetur tóku námskeiðin sérstaklega mikið púður hjá deildinni, en ég vil sérstaklega þakka því fólki sem steig þar inn og gaf sig allt í verkefnið. Nú höfum við ákveðið í sameiningu við skrifstofu og aðrar deildir að beina námskeiðunum í farveg IPOT (þjálfarateymi AFS á Íslandi) og virðist það lofa mjög góðu. Ég er mjög hrifinn af þessu fyrirkomulagi og held að það muni bæði efla samstarf deildanna og gefa Reykjavíkurdeild tækifæri til að blómstra á komandi ári.

En talandi um samstarf deilda, þá hittum við Norðurlandsdeild á þriðja árlega stjórnarmóti sem er nú orðin ansi rótgróin hefð. Við hittumst í náttúru-

perlunni Munaðarnesi, en ég held að flestir AFSarar séu sammála um að það gefi alltaf aðeins auka orku að vinna að markmiðum með ferskt sveitaloft og náttúru í baksýn. En það var ekki aðeins andað inn og út og dáðst að náttúrunni því við nýttum daginn vel í málstofur og fundarhöld. Þar ræddum við um mögulega skiptiviku nema, samfélagsmiðlanotkun deilda, samskiptaleiðir innan AFS, samvinnuvinkla við önnur félagasamtök á Íslandi og margt, margt fleira. Þetta var dýrmæt helgi sem þjappaði hópnum vel saman og ég vona innilega að hefðinni verði haldið á lofti um ókomin ár.

Í desember var haldið frábært jólaball sem sló í gegn hjá nemum og foreldrum enda bauð þar sjálfböðaliðahljómsveit upp á lifandi jólatónlist er við kenndum nemunum að dansa í kringum jólatréð. Þetta var notaleg stund í skammdeginu og ekki skemmdi fyrir að nemarnir komu með alls konar kræsingar frá öllum mögulegum heimshornum. Janúar getur verið heldur daufur en heldur betur ekki hjá sjálfböðaliðum AFS þar sem að árshátíðin er svo sannarlega einn af hápunktum ársins í félagslífinu. Eins og hefð er fyrir var gert árshátíðar-myndband þar sem sjálfböðaliða var rænt, undirritaður tók sér fasta búsetu á skrifstofunni og stóra vatnsflöskumálið var loksins leyst. Dagskráin var þétt, maturinn með skemmtilegu suðrænu ívafi og stuð langt fram á nótt.

Í vor gekk svo AFS lífið sinn vanagang í höfuðborginni, með öllum sínum viðtölum, skólakynningum og

námskeiðum. Við höldum þó áfram að skemmta okkur þess á milli, enda er sterkt félagslíf algjör undirstaða öflugs starfs innan AFS. Eftirminnileg bústaðarferð í nágrenni Andakilsár-virkjunar stendur þar upp úr, en við fengum æðislegt sumarveður og sól í byrjun apríl og nutum þess að sóla okkur og grilla í blíðunni. Einnig var farið á svipaðar slóðir vestur í Hvalfjörð nú í júlí en þá var árleg útilega endurvakin við góðar viðtökur sjálfböðaliða og fyrrum skiptinema. Þar var grillað, glamrað á gítar og ef einhvern boðskap má draga út frá þessari ágætu útilegu þá er það það að hundasýningartjald er hið frábærasta veislutjald ef að viljinn er fyrir hendi.

Ég hlakka til að eiga fleiri gæðastundir sem þessar og ég vil þakka öllum sem lögðu hönd á plóg þetta árið. Það skemmtilega við AFS er að það er rými fyrir mismunandi týpur og persónuleika og ég vil hvetja þá sem kitlar að koma aftur inn í starfið eftir hlé að kýla á það. Engu að síður vil ég bjóða nýja sjálfböðaliða hjartanlega velkomna og ég hlakka til að sjá hvað komandi ár ber í skauti sér.



Stjórn Reykjavíkurdeildar á árshátíð sjálfböðaliða

NORÐURLANDSDEILD

TEXTI
Elín Kata Sigurgeirsdóttir
Formaður Norðurlandsdeildar 2018-2019

og við fengum einnig heimsóknir frá tilvonandi skiptinemum. Þetta var skemmtileg helgi þar sem við náðum að nýta tímann vel og koma miklu í verk.

Í byrjun febrúar var að venju okkar árlega Akureyrarhelgi, en það er valfrjáls ferð sem stendur öllum AFS skiptinemum til boða. Rúta lagði af stað frá Reykjavík einn fimmtudaginn og á leiðinni hoppuðu fleiri nemar af landsbyggðinni með. Rútan renndi í hlaðið hér fyrir norðan rétt fyrir kvöldmat og komu þreyttir ferðalangar beint í heitan mat. Föstudagurinn er ávallt notaður til að skoða náttúruperluna Mývatnssveit. Fyrsta stopp var Goðafoss þar sem tekið var fullt af myndum. Næsta stopp voru Skútustaðagígar og svo var farið á pizzahlaðborð. Eftir smá matarpásu var haldið að Dimmuborgum en þar sem mikill snjór var ákváðum við að ekki væri ráðlegt að halda þangað. Það var því farið beint að hveraröndinni og þar næst haldið í jarðböðin. Ferðalangarnir eyddu aðeins lengri tíma ofan í heitu böðunum þar sem frekar kalt var úti. Þau komu svo heim beint í kvöldmat og höfðu það huggulegt. Á laugardeginum skelltum við okkur í sveitaheimsókn inn í Eyjafjörð, þar fengu nemarnir að upplifa fjósalykt sem fór misvel í fólk. Á sveitabænum voru kindur, kýr, hestar og hundar svo allir gátu fundið eitthvað sem þeim fannst spennandi. Næst var stoppað í Jóláhúsinu, að visu ekki réttur árstími en nemunum fannst það samt sem áður mjög gaman og skoðuðu allt hátt og lágt. Ekki skemmdi heldur fyrir að allir fengu karamellur í lok heimsóknarinnar. Þegar komið var aftur í bæinn var boðið upp á sundferð til að þvo af sér sveitalyktina. Nemarnir fengu svo gott brauð í kaffinu og gátu aðeins slakað á. Seinnipartinn var hald

inn ratleikur sem varð þó heldur styttri þar sem það var mjög kalt úti og ekki allir tilbúnir að hlaupa um í frostinu, úrslitin voru svo tilkynnt eftir kvöldmat. Á sunnudeginum hjálpuðust allir við að ganga frá og eftir litla kveðjastund renndi rútan af stað.

Tveir sjálfböðaliðar frá okkar deild, þau Arna Logi Jónsson og Dána Björk Friðriksdóttir fóru á fósturfjölskylduöflunarnámskeið sem haldið var fyrir sunnan. Þar var farið yfir hvernig má breyta og bæta aðferðum AFS til að finna fósturfjölskyldur. Þau nýttu svo það sem þau lærðu og hjálpuðu til við að finna fjölskyldur fyrir árið 2019-20.

Starfsárinu okkar lauk svo þegar við hittum alla nemana og fjölskyldur þeirra í Kjarnaskógi og höldum smá kveðju-grill. Nemarnir klæddu sig sumir í lopa-peysur sem að þau höfðu annaðhvort prjónað yfir árið eða fengið. Hópurinn spilaði kubb og skemmti sér saman sem var góð kveðjustund. Þar með var starfsárinu 2018-2019 lokið.



Skiptinemar í Norðurlandsdeild 2018-19

VESTURLANDSDEILD

TEXTI

Jónína Kristín Guðmundsdóttir
Formaður Vesturlandsdeildar 2018-2019

Vesturlandsdeild hefur nú verið starfandi undir minni stjórn í 4 ár. Síðustu tvö ár hafa þó ekki verið eins öflug og fyrstu tvö árin þar sem að fjölskylduhelgin, sem heppnaðist svo vel í tvö ár, varð ekki að veruleika vegna lítils áhuga, enda engir nemar í deildinni það árið.

Síðasta starfsár komu þó aftur nemar í deildina. Lana frá Slóveníu var á Hellissandi í 3 mánuði, Elisa frá Ítalíu var í Búðardal í 10 mánuði og svo var hún Fritzi frá Sviss í Reykhólasveitinni í 10 mánuði, sem er tæknilega séð í Vestfjarðadeild en þar sem hún er miklu nær okkur þá tókum við hana með inn í okkar deild.

Svo kom hann Ethan frá Malasíu í janúar og var í Stykkishólmi í 3 mánuði. Þar sem hann mætti á svæðið á öðrum tíma en hinir nemarnir þurfti hann að fá „arrival“ fræðslu. Við skelltum því í skemmtilegan hitting heima hjá undirritaðri þar sem Elisa og Fritzi komu líka ásamt fyrrverandi skiptinema hér á Íslandi sem kom úr Reykjavík til að vera með okkur. Föstudagskvöldinu



eyddum við fimm saman í að elda mat frá öllum heimshornum og fékk Ethan svo heldur betur fræðslu frá fjórum aðilum. Það var ekki einn sjálfbóðaliði á 4-10 nema, heldur tveir sjálfbóðaliðar og tveir reyndari nemar á einn nýjan nema. Geri aðrir betur.

Daginn eftir fengum við okkur bíltúr í Stykkishólmi þar sem Ethan var að fara á þorablót með fjölskyldunni sinni en við hin keyrðum til baka í Búðardal og fórum saman á þorablót þar. Það er alltaf gaman að fara með skiptinema á þorablót og kynna þau fyrir þessum þjóðlega mat okkar Íslendinga.

Fritzi átti svo afmæli á sunnudeginum og bakaði fósturmóðir Elisu köku fyrir hana og við höfðum smá afmælisveislu.

Landsfundur hefur líka verið haldinn á Laugum í Sælingsdal sem tilheyrir Vesturlandsdeild. Formaður deildarinnar hefur því verið í forsvari fyrir að fá þá aðstöðu sem hefur reynst okkur afar vel og hentar staðsetningin líka vel þar sem Dalabyggð er frekar miðsvæðis fyrir deildirnar sem sækja Landsfund.

Fjölskylduhelgin hefur því miður ekki verið endurvakin enda höfum við nú ekki lengur aðgang að því húsnæði sem við höfðum og því ekki eins auðvelt að finna hentugan stað. Gaman væri að sjá ef aðrar deildir og/eða sjálfbóðaliðar myndu finna fjölskylduhelginni nýjan farveg, hvort sem það yrði helgi úti á landi eins og við gerðum hér eða bara að fjölskyldur og nemar hittist einhvern eftirmiðdag og geri eitthvað skemmtilegt.

Undirrituð hefur líka verið tengiliður allra fósturfjölskyldna á landinu undanfarin ár. Það hefur falið í sér að stofna og sjá um facebook hóp fyrir alla fósturforeldra hvers árs og miðla upplýsingum þar þegar við á sem og að aðstoða með ýmis mál sem upp koma hjá nemum og fjölskyldum. Fyrir vikið hefur Vesturlandsdeild staðið svolítið fyrir „fjölskyldumiðuðum“ verkefnum sem gefur deildinni ákveðna sérstöðu.



„Krakkarnir“ í BUS 61

TEXTI

Alda Sigurðardóttir
Skiptinemi í Texas, BNA 1978-9
Júní 2019



Ég var skiptinemi á vegum AFS veturinn 1978-9 í Texas.

Ég var 18 ára og hafði ekki hugmynd um hvað ég var að fara út í. Aðlögunar-hæfnin bjargaði mér og opinn faðmur Smith hjónanna og dóttur þeirra, svo mér fór fljótlega að líða vel á heimilinu



„Walk together, talk together“ var slagorð AFS

og skólanum. Ég tengdist þeim mjög sterkum böndum sem enn eru mér afar mikils virði. Ég fór þangað aftur 1981 og mom og dad komu einu sinni í heimsókn til Íslands. Síðast hitti ég þau fyrir 10 árum þegar ég fór í brúðkaup eina barnabarnsins. Nú er dad látinn en við mom tölum oft saman í síma og skrifumst á, hún er mér afar kær, kenndi mér margt um umburðarlyndi og jákvæðni í samskiptum við fólk. Það er varla tilviljun að eitt aðaláhugamálið mitt er að flytja til Íslands listamenn!

Ég hef líka tekið virkan þátt í starfi AFS með því að vera stuðningsaðili fyrir skiptinema af og til og hýsti stúlku frá Maine í Bandaríkjunum einn vetur og hún er auðvitað uppáhalds stóra stelpan mín.

Það er enginn efi í mínu hjarta að við öll þurfum að vera virk í því að opna augu og hjörta fólks fyrir því sem sameinar okkur frekar en aðskilur okkur. Þetta hef ég séð gerast svo ótal mörgum sinnum í starfi AFS og er alltaf að staglast á því á marga ólíka vegu.

Í lok júní tek ég á móti 20 „krökkum“ sem ég kynntist í Texas og voru þar í sömu sporum og ég. Þau koma víðsvegar að og við ætlum að halda uppá að við vorum í rútuferðalagi saman í 2 vikur fyrir 40 árum síðan! Ég hlakka alveg ROSALEGA mikið til!

Ég er endalaust þakklát AFS og fjölskyldunni minni í Texas.



Mynd tekin á kvöldjustund vorið 1979, ég var í miklum tilfinningarússibana að kvæða þau og leggja af stað í mikla ævintýraferð

NEMARNIR OKKAR



Aron Yngvi Jónasson í Brasilíu



Freyja Ellingsdóttir í Bandaríkjunum




Þórhalla Ylfa Gísladóttir í Argentínu




Þórunn Guðmundsdóttir á Ítalíu



Ragnhildur Elín Skúladóttir í Frakklandi



Embla Rún Halldórsdóttir í Frakklandi



Elísabet Ingadóttir á Ítalíu



Signý Rut Hermannsdóttir í Frakklandi

MYNDIR ÚR STARFI



Erlendir nemar á Norðurlandi



End-of-stay júní 2019



Akureyrarhelgi febrúar 2019



Sjálfböðaliðar í Gleðigöngu 2018



Bemaföstudagar skrifstofu



Erlendir nemar við Goðafoss á Akureyrarhelgi



Námskeið fyrir starfsfólk í stuðningi



Námskeið um fósturfjölskylduöflun



Komunámskeið ágúst 2018



Bústaðarferð stjórna deilda



Heimsókn stjórnar á Bessastaði



Grillveisla á Klambratúni



Sjálfböðaliðar í sjósundi á Akranesi



Árshátíð sjálfböðaliða janúar 2019



6 vikna námskeið 2018

